

Nd.

688. Nefndarálit

[259. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

Frá menntamálanefnd.

Frumvarp þetta er samið af stjórnskipaðri sjö manna millipinganefnd, sem í áttu sæti m. a. fulltrúar tilnefndir af þingflokkunum fimm. Í millipinganefnd þessari var full samstaða um frumvarpið, og lagði ríkisstjórnin það fyrir Alþingi í þeirri mynd, sem millipinganefndin hafði samþykkt.

Menntamálanefnd hefur rætt frumvarpið ýtarlega, og eru nefndarmenn sam-mála um, að hér sé um mikilvægt mál að ræða og að í heild sinni fullnægi frum-varpið þeim megintilgangi sínum, að jafnaður verði á viðunandi hátt aðstöðumunur framhaldsskólanemenda, að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjár-hagsbyrðum.

Nefndin telur mikilvægt, að frumvarpið verði að lögum á þessu þingi, og sér ekki ástæðu til að hreyfa verulegum efnisbreytingum við það. Nefndin flytur þó þrjár brtt. á sérstöku þingskjali. Tvær þessara brtt. eru smávægilegar, önnur leið-rétting málfars, hin til fyllra skilnings á efninu. Hins vegar er í brtt. við 3. mgr. 2. gr. að finna efnisbreytingu, sem m. a. varðar rétt iðnnema. Það virðist hafa verið ætlun millipinganefndarinnar, að t. a. m. iðnnemar, sem taka samningsbundið kaup á námstíma, væru útilokaðir frá styrkjum eftir þessum lögum, nema að því leyti sem þeir kynnu að eiga rétt samkvæmt c-lið 5. gr. Menntamálanefnd lítur að visu svo á, að iðnnemar hafi þá sérstöðu meðal framhaldsskólanemenda, að ekki sé rétt, að þeir komi alfarið undir ákvæði þessa frumvarps, ef að lögum yrði. Telur nefndin, að kjaramál iðnnema og fleiri, sem svipað eru settir, beri almennt að leysa án tillits til þess máls, sem hér er um fjallað. Hins vegar finnst menntamálanefnd ekki óeðlilegt, að iðnnemar (og aðrir, sem líkt kann að standa á um), er aðeins fá greidd lágmarkslaun samkvæmt iðnnámssamningi, njóti nokkurrar aðstoðar á grundvelli þessa frumvarps, ef að lögum verður. Breytingartillaga nefndarinnar miðar að því að heimila, að sérstakir styrkir til skólanáms verði veittir nemum í iðn eða öðrum starfsgreinum, enda fullnægi þeir þeim frumskilyrðum, sem sett eru í 2. gr. um það, að þeir hafi lokið skyldunámi og verði að vista sig að heiman vegna skólanáms.

Með tilliti til framanritaðs leggur menntamálanefnd einróma til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, er hún flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 4. maí 1972.

Bjarni Guðnason,
form.
Eysteinn Jónsson.

Svava Jakobsdóttir,
fundaskr.
Gunnar Gíslason.
Ellert B. Schram.

Ingvar Gíslason,
frsm.
Benedikt Gröndal.